

Árnessýsla:

Kirkjutún á þjónustubýli í landi Laugardæla, Hraungerðishreppi.
Tröð á kennarabústað í landi Gnúpverjahrepps hjá félagsheimilinu Árnesi.
Árteigur á þjónustubýli í landi Árbæjar, Ölfushreppi.
Reykjaflöt á garðyrkjubýli í landi Reykjabóls, Hrunamannahreppi.
Miðfell VI á smábýli í landi Miðfells II, Hrunamannahreppi.
Birkilundur II á garðyrkjubýli í landi Birkilundar, Biskupstungnahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1976.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinnsson.

31. desember 1976.

Nr. 455.

AUGLÝSING

um skiptingu Hafnarfjarðarprestakalls í tvö prestaköll og tvær sóknir.

Að fengnum tillögum biskups og samkvæmt ósk viðkomandi sóknarnefndar, er hér með ákveðið, í samræmi við ákvæði laga um skipun prestakalla og prófasts-dæma og Kristnisjóð, nr. 35 9. maí 1970, að núverandi Hafnarfjarðarprestakalli skuli skipt í tvö prestaköll:

Hafnarfjarðarprestakall: Hafnarfjarðarsókn. Nær yfir Hafnarfjarðarkaupstað austan Reykjavíkurveggar.

Viðistaðaprestakall: Viðistaðasókn. Nær yfir Hafnarfjarðarkaupstað vestan Reykjavíkurveggar.

Skipan þessi tekur gildi 1. janúar 1977, að því er varðar skiptingu prestakallsins í tvær sóknir, en 1. mars 1977 að því er varðar hina nýju skipun prestakalla.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Þorleifur Pálsson.

30. desember 1976.

Nr. 456.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Stöðvunarskylda verður við Suðurlandsbraut, ef beygt er til vinstri frá Álfheimum.
2. Rýmkað verður bann við bifreiðastöðum á Túngötu við Landakotsspítala, þannig að heimilt verður að leggja bifreiðum sunnanmegin götunnar á milli Ægisgötu og Hofsvallagötu á tímabilinu frá kl. 18 til 20 á mánudegi til föstudags og milli kl. 15 og 16 á laugardögum og sunnudögum.

3. Bann við stöðu bifreiða verður fellt úr gildi á eftirtöldum götum:
Ingólfsstræti að austanverðu frá Bankastræti að Hverfisgötu.
Naustunum að austanverðu frá Tryggvagötu að Hafnarstræti.
Tryggvagötu að sunnanverðu frá Norðurstíg til vesturs í boga við Hamarshús.
Garðastræti að austanverðu á milli Ránargötu og Vesturgötu.
Bergstaðastræti að austanverðu á milli Skólavörðustígs og Hallveigarstígs.
Kirkjustræti að sunnanverðu frá Thorvaldsensstræti að Tjarnargötu.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. janúar 1977.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. desember 1976.

Sigurjón Sigurðsson.